

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 5/2006

Kæra Heimsferða ehf. á ákvörðun Neytendastofu 28. júlí 2006 nr. 9/2006.

1. Þann 9. nóvember 2006 er tekið fyrir á fundi áfrýjunarnefndar neytendamála [málið nr. 5/2006](#): Kæra Heimsferða ehf. á ákvörðun Neytendastofu 28. júlí sama árs nr. 9/2006. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Gizur Bergsteinnsson.
2. Með kæru, dags. 23. ágúst 2006, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 28. júlí sama árs, um að hann hafi brotið gegn ákvæðum 7., sbr. 3. gr. laga nr. 80/1994 um alferðir með því að krefja nánar tiltekinn viðskiptavin sinn um viðbótargreiðslu fyrir alferð í tilefni af gengislækkun íslensku krónunnar. Í ákvörðuninni er lagt fyrir kæranda að láta af slíkum viðskiptaháttum. Kærandi krefst þess að ákvörðun Neytendastofu verði hrundið og kveðið á um að kæranda hafi verið heimilt að hækka verð á alferð umrædds viðskiptavinar.
3. Um kærheimild vísar kærandi til 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda auk bréfs Neytendastofu, dags. 28. júlí 2006, þar sem athygli kæranda er vakin á heimild hans til að kæra ákvörðunina til áfrýjunarnefndar neytendamála.

MÁLSMEDFERÐ FYRIR ÁFRÝJUNARNEFND NEYTENDAMÁLA

4. Með bréfi, dags. 24. ágúst 2006, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Umsögn Neytendastofu barst nefndinni 5. september sama árs. Með bréfi, dags. 15. sama mánaðar, var umboðsmanni kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir umboðsmanns kæranda bárust með bréfi, dags. 27. sama mánaðar.

NIÐURSTAÐA

5. Ákvörðun Neytendastofu er eingöngu reist á lögum nr. 80/1994 um alferðir, en í 17. gr. laganna er mælt fyrir um að eftirlit með framkvæmd þeirra sé í höndum Neytendastofu. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda má skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þeim lögum sem eru tiltekin í a. – c. lið málsgreinarinnar til áfrýjunarnefndar neytendamála. Lög nr. 80/1994 eru ekki þar á meðal, en í c. lið málsgreinarinnar er hins vegar kveðið á um að skjóta megi til nefndarinnar ákvörðunum sem eru teknar samkvæmt lögum á málefnasviði Neytendastofu sé heimild til slíks að finna í þeim lögum. Enda þótt lög nr. 80/1994 séu á málefnasviði Neytendastofu er ekki fyrir að fara heimild í lögnum til að skjóta ákvörðunum sem stofnunin tekur á grundvelli þeirra til áfrýjunarnefndar neytendamála. Skortir því heimild til að kæra ákvörðun stofnunarinnar til nefndarinnar. Voru leiðbeiningar þær sem fram komu í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 28. júlí 2006, því rangar um þetta atriði.

6. Það er almenn regla stjórnsluréttar að ráðherrar fara með yfirstjórn stjórnslunnar. Til ráðherra verða því kærðar allar stjórnvaldsákvarðanir lægra settra stjórnvalda sem hafa ekki verið undanþegnar valdi hans með lögum, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Eins og áður greinir er eftirlit með framkvæmd laga nr. 80/1994 í höndum Neytendastofu, en stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2005.
7. Þar sem heimild skortir til að skjóta ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála verður kærinni vísað frá nefndinni.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kærinni er vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.